

Fundur 23.10.2023 Frönsk kona Olimpe Guss, var líflátin í frönsku stjórnarbyltingunni.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Komdu sæl og velkomin.*

Er hér góður kraftur og vonum við að við getum sent ykkur kraft í gegnum geimdjúpið og þakka ég mjög fyrir það að maður á líku reki og ég skuli hafa komið hér í gegn á undan mér, þar sem það auðveldar mér að koma hér í gegn þessu sambandi og stilla hnettina saman.

Og það er nú svo, einhver truflun á sambandinu, reyni ég þó betur.

Vil senda ykkur kærleiks kraft og magnan og koma erindi mínu í gegn, en það er einhver truflun á sambandinu og hef ég ekki áður talað til ykkar en margir af mínu þjóðerni og fann ég mögnun af síðasta sambandi og var það þannig tengt að ég kæmist í gegn.

Og ég hef reynt margt og mikið í framlífi og hef ég farið í gegnum helstefnu hnetti og lífstefnu hnetti og hef langa og merkilega sögu af því að segja, en get ég þó aðeins stiklað hér á stóru í kvöld og sagt frá nokkrum grunnatriðum þeirrar sögu.

Og finnst mér merkilegt að tala við ykkur og mér finnst svo langt síðan ég var á ykkar jörð að ég á fremur erfitt með að tengjast þeim minningum og endalok mín voru þannig að þau tengdust margvíslegum framlífs hnöttum, þar sem var helstefna en ekki lífstefna og þar sem breytingar á stjórnarfari voru tíðar og átök mikil og hefði ég gjarnan viljað losna við að vera á þeim framlífs hnöttum.

En yrði það gott ef mér tækist að segja frá því, nýt ég hér orkunnar og hér hef ég um langt skeið, bæði á þessari framlífs jörð og að minnsta kosti þremur á undan, notið þess að miðla af reynslu minni og höfum við yfirleitt sambönd við framlífs hnetti en nokkra framlífs hnetti, en hafa að vísu nokkrir af mínum hnetti talað til ykkar en ekki þó margir.

Og höfum við reynt að leiðbeina framlífs hnöttum þar sem erfiðleikar hafa orðið á lýðræðis baráttunni og margvísleg átök, þjóðfélags átök sem tengjast þeim hugsjónum sem komu fram á sjónarsviðið þegar ég var uppi á jörðinni.

Var það svo um langt skeið að ég barðist fyrir hugsjónum mínum af slíkri hörku að lenti oft í vítisvistum í framhaldinu og lærði þó um síðir að líta öðru vísi á málin og hef ég hér betur unað mér hér í hefðbundnum gildum á framlífs jörð þessari og nokkrum þar á undan og átt hamingjuríkara líf en á fyrstu framlífs hnöttum mínum.

Blómstrar hér þjóð mín vel og höfum við sniðið vankantana af stefnunni og erum við í góðu sambandi við heiðna forfeður okkar sem voru Keltar og tignuðu hin margvíslegu heiðnu Goð forn Frakklands.

Og hefur það verið áhugamál mitt að kynna mér þau fræði á þessari framlífs jörð og þeim framlífs jörðum sem ég lifði á þar á undan.

Skilst mér að margt sé enn að breytast á minni framlífs jörð og vil ég nú segja til mín áður en ég kveð ykkur.

Veit ekki hvort ég get haft þetta samband lengra að sinni, en reyni ég að koma síðar, frönsk kona úr frönsku byltingunni Olimpe Guss.

*Olimpe Guss.*

Já,

Já varst þú höggvin?

Jaá ég tók þátt í byltingunni, já það er merkileg saga hvernig helstefnu framlíf er ekki tengt kirkjunni heldur pólitískum óstöðugleika og voru margvíslegir pólitískir andstæðingar sem fram komu á framlífs jörð minni og börðust þeir ákaflega mikið og varð ekki séð fram úr þeim deilum fyrr en síðar.

*Já já.*

*Ég er nýbúinn að lesa bókina Tvær borgir eftir Charles Dickens og hún kemur einmitt inn á frönsku stjórnarbyltinguna þegar hún var að gerast.*

Já.

*Það var soldið merkilegt.*

Já þetta voru mjög merkilegir atburðir og höfðu mikil áhrif og finnst mér nú að þjóð mín eigi einnig í deilum sem þarf að leysa enn.

Já mér líður hér vel í framlífi en það eru mörg æfiskeiðin sem væri hægt að segja frá.

Já deilur eru ekki góðar og geta komið manni á helstefnu jörð en ég ætla nú að kveðja, reyni að koma síðar.

*Endilega.*

Verið þið sæl.

*Vertu sæl.*

Takk fyrir og verið þið sæl.

*Pakka þér fyrir komuna og vertu velkomin aftur, blessuð.*